



***Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Grund á
Jökuldal, Múlapingi***



Indriði Skarphéðinsson

2025

Forsíðumynd: Heytóft [3530-002], mynd tekin til norðausturs.




Sagnabrunnur

© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Nóvember 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskráning	3
Grund	3
3530-001 tóft – beitarhús – Húsabalatættur	4
3530-002 tóft – heygeymsla – Húsabalatættur.....	5
3530-003 niðurgröftur – óþekkt	5
Niðurstöður	6
Heimildaskrá	6
Viðauki I. Minjaskrá	7
Viðauki II. Minjakort	8



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract


Sagnabrunnur ehf. conducted an archaeological survey of an area located at Grund, Jökuldalur in connection with local land-use planning. The project is registered under number 3530. The survey process included a review of written sources related to the area, an examination of both historical and recent aerial photographs, an analysis of older maps, and an on-site field inspection. Three archaeological features dating to the early 20th century were identified within the survey area. All features are located outside the planned development zone and are therefore not considered at risk.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér fornleifaskráningu vegna deiliskipulags við Grund á Efri-Jökuldal. Verkaupi var Stefanía Katrín Karlsdóttir og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3530 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt. Pann 13.

nóvember síðastliðinn fór Indriði Skarphéðinsson, starfsmaður Sagnabrunns ehf., á vettvang og tók svæðið út og naut við það aðstoðar Jakobs Karlssonar. Við fornleifaskráninguna voru skráðar þrjár minjar nokkuð utan við deiliskipulagssvæðið.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Skráningar og deiliskipulagssvæðið við Grund.

Skráningarsvæðið liggur að mestu um tún og skógi vaxna mela, það er staðsett spölkorn innan við bæjarstæði Grundar. Deiliskipulagssvæðið er aðeins hluti af skráningarsvæðinu og liggur í túni og mel á bökkum Jöklu yst á skráningarsvæðinu. Skráningarsvæðið er ofan og innan við

Stuðlagil, sívinsælan viðkomustað ferðamanna sem freista þess að sjá gilið af útsýnispöllum Grundarmegin Jöklu.

Fornleifaskráning

Þrjár fornleifar voru skráðar við fornleifaskráningu nú og hafði ein þeirra, beitarhús [3530-001] verið skráð áður í svæðisskráningu FSÍ frá 1999 (heimild). Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna heimildir um fornleifar á deiliskipulagssvæðinu, ásamt því að skoða svæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Áður en farið var á vettvang voru helstu heimildir rýndar svo sem eldri skráningar, búnaðarrit, örnefnaskrár, túnakort, gamlar og nýjar loftmyndir o.s.frv. Á vettvangi var skráningasvæðið gengið og skoðað, þar sem minja varð vart voru þær myndaðar, þeim lýst og mældar upp með Trimble Nomad 5 GPS-mælingartæki. Jakob Karlsson, heimamaður á Grund, aðstoðaði á vettvangi við að staðsetja minjar.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á Grund vegna deiliskipulags, veitulagna og Kárahnjúkavirkjunar (Adolf Friðriksson 2001; Adolf Friðriksson & Ragnar Edvardsson 2001; Rannveig Þórhallsdóttir 2021, 2022 & 2023; Indriði Skarphéðinsson 2019) en þær skráningar ná þó ekki til þess svæðis sem skráð var nú. Eins fór fram svæðisskráning minja í Jökuldals- og Hlíðarhreppi árið 1999 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir 1999).

Grund

Grund byggist úr landi Hákonarstaða og hét þar áður Flatasel og var sel eða beitarhús frá Hákonarstöðum. Jarðarinnar er ekki getið í Jarðatali Johnsen frá 1847 og ekki heldur í Nýrri Jarðabók fyrir Ísland árið 1861. Í lýsingu Þorvalds Ásgeirssonar á Hofteigsprestakalli frá 1874 er Grundar getið sem hjáleigu úr Hákonarstöðum og metin 13 hundruð að dýrleika eftir nýju mati. Í undirmálgrein Sýslu og sóknalýsinga Múlasýslna er þess getið að staðurinn hafi áður heitið Flatagerði (Finnur Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson 2000:89; Ármann Halldórsson 1974:273). Grund lagðist í eyði í stuttan tíma eftir öskufallið mikla úr Öskjugosi árið 1875 en byggðist fljótt upp aftur.

3530-001 tóft – beitarhús –

Húsabalatættur

Minjanna er getið í örnefnaskrá Grundar, þar segir: „*Utan við Loftsmýrargrófina heitir Húsabali. Þar eru gömul beitarhús, byggð um 1930 af Páli Vigfússyni, þá bónda á Grund*“ (Örnefnaskrá Grundar, bls. 1). Minjarnar voru skráðar í svæðisskráningu árið 1999 undir númerinu NM-120c:002 (Orri



Mynd 1. Beitarhús [3530-001], mynd tekin til vesturs.

Vésteinsson & Sædis Gunnarsdóttir 1999:77). Í búskaparannál Grundar segir einnig að á milli 1920 og 1930 hafi verið byggð um 200 kinda beitarhús við Loftsmýrargróf á Jökulsárþakka (Ármann Halldórsson 1974:273). Minjarnar eru staðsettar stutt suðvestan við túnjaðarinn á Húsabala, um 10 m ofan við bratta malarþakka sem liggja niður að Jöklu. Um er að ræða 17x17 m stórt þriggja hólfa beitarhús með leguna norðvestur-suðaustur. Hólfir þrjú liggja hlið við hlið frá norðaustri til suðvesturs, hólfid suðvestast er nokkuð minna en hin tvö en þau eru jafnstór. Garði liggur í miðju rými suðvestur- og norðaustur- hólfa en er ekki greinilegur í miðhólfinu. Í innanverðu miðhólfinu mjókkar rýmið lítillega og dýpkar og hefur þar trúlega staðið heyhlaða. Sérinngangur er á hólfunum þremur til suðausturs en ekki er innangengt á milli þeirra. Veggir beitarhúsanna virðast að mestu hlaðnir grjóti og standa þeir um 0,3-1 m á hæð og 1-2 m á breidd. Þétt norðvestan við tóftina er óreglulegur og nokkuð djúpur niðurgröftur en ekki er ljóst hvort hann tengist tóftinni á einhvern hátt eða hvaða hlutverki hann hefur þjónað. Önnur tóft, trúlega heystæða [3530-002], stendur um 7 m vestan við beitarhúsin. Nokkrar birkiríslur standa við suðvesturvegg tóftarinnar og hefur verið plantað furu þétt norðaustan við hana.

3530-002 tóft – heygeymsla – Húsabalatættur

Minjarnar eru staðsettar stutt suðvestan við túnjaðarinn á Húsabala, um 14 m ofan við bratta malarbakka sem liggja niður að Jöklu. Um er að ræða 7,4x5 m stóra, ferhyrnda tóft með leguna austur-vestur. Enginn inngangur er greinilegur inn í tóftina en vel mótar fyrir innra rými hennar og er það nokkuð niðurgrafið.



Mynd 2. Heystæða [3530-002], mynd tekin til norðausturs.

Veggir tóftarinnar standa um 0,3-0,8 m á hæð og 0,5-1,5 m á breidd, veggir eru nokkuð hærri að innanverðu sökum þess að innra rými tóftarinnar er niðurgrafið. Trúlega er hér um heystæðu að ræða. Tvær birkihríslur vaxa í tóftinni og hefur verið plantað lerki og furu nokkrum metrum utan við hana.

3530-003 niðurgröftur – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar stutt suðvestan við túnjaðarinn á Húsabala, ofan við bratta malarbakka sem liggja niður að Jöklu. Um er að ræða nokkuð óreglulegan niðurgröft 9,5x3,2 m að stærð þétt við norðvesturenda beitarhúsa [3530-001]. Annar angi niðurgrافتarins liggur líkt og grunnur skurður um 5 m norðaustan við og samhliða beitarhúsinu á um 17 m löngum kafla. Niðurgreftirnir eru um 0,3-1 m á dýpt. Ekki er ljóst hvaða hlutverki minjarnar þjónuðu en tengjast að öllum líkindum beitarhúsatóftinni.



Mynd 3. Niðurgröftur [3530-003], mynd tekin til norðurs.

Niðurstöður

Þrjár minjar voru skráðar við fornleifaskráningu nú og eru þær allar staðsettar innst á skráningarsvæðinu, töluvert frá deiliskipulagssvæðinu og stafar því engin hætt af fyrirætluðum framkvæmdum innan þess. Minjarnar þrjár eru á mörkum þess að teljast til friðaðra fornleifa en nokkuð örugglega má tímasetja þær til 1920-1930, þó er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að eldri minjar geti leynst undir þeim yngri. Engar minjar voru skráðar innan deiliskipulagssvæðisins en bent er þó á að fornleifar geti leynst undir sverði án þess að nokkur ummerki þeirra sjáist á yfirborði. Komi áður ókunnar fornminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu skal samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Heimildaskrá

Adolf Friðriksson (ritstj.). (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.

Adolf Friðriksson og Ragnar Edvardsson. (2001). *Kárahnjúkavirkjun. Fornleifar og vatnafar*. Fornleifastofnun Íslands. FS150-00062.

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). Fornleifaskrá. „Skrá um friðlýstar fornleifar.“ Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson. (2000). *Múlasýslur, sýslu og sóknalýsingar*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Indriði Skarphéðinsson. (2019). *Fornleifaskráning í landi Grundar á Efri-Jökuldal vegna nýs deiliskipulags*. Fornleifafræðistofan.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Ný Jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar. (1861). Kaupmannahöfn. J.H. Schultz.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning*. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands, FS080-98089.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi að Grund, Jökuldal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi. Efri-Jökuldalur*. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2023). *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi að Grund, Jökuldal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur.

Túnakort. (1918). Grund í Jökuldalshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Örnefnaskrá. (1975). Skrá yfir örnefni og örnefnakort að Grund í Jökuldal, Örnefnastofnun.

Viðauki I. Minjaskrá

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3530-001	tóft	beitarhús	friðað	vel greinanlegar	1920-1930	672260.778	522888.419
3530-002	tóft	heygeymsla	friðað	vel greinanlegar	1920-1930	672240.432	522881.743
3530-003	niðurgröftur	óþekkt	friðað	vel greinanlegar	1920-1930	672260.390	522898.409

Viðauki II. Minjakort

Minjakort

-  Skráningarsvæði
-  Deiliskipulagssvæði
-  Skráðar minjar

3530-002 3530-003
3530-001

0

125

250

375 m

